

**Nr. 18-070 S 046 Daddi GK 55*****Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6700  
Smíðaður: Bátasm. Guðmundar, 1985, trefjaplast.  
Útgerð: Sjávarblik ehf.  
Stærð: 5,52 bt. 5,15 brl.  
Mesta lengd: 8,5 m Skráð lengd: 8,41 m  
Breidd: 2,52 m Dýpt: 1,28 m  
Vél: Perkins, 44 kW, 1985.  
Fjöldi skipverja: 1



Daddi © Jón Sæmundsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirtí Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 8. maí 2018 var Daddi GK 55 á strandveiðum út af Grindarvík. Veður: ASA 2-3 m/sek.

Á leið í land varð báturinn vélarvana rétt vestan við Grindarvík og rak í átt að landi. Línubáturinn Valdimar GK 195 tók hann í tog áleiðis til Grindavíkur þar sem björgunarbáturinn Árni í Tungu tók við honum og dró hann til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að báturinn varð olíulaus;
- að nýr tankur hafði verið settur í bátinn ári áður og skipt um olúmæli;
- að olúmælirinn reyndist bilaður og sýndi að olía væri á tanknum.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.